

AUGLÝSING

um reglur vegna ferðapjónustu fatlaðra í Flóahreppi.

1. gr.

Markmið ferðapjónustu fatlaðra.

Markmið ferðapjónustu fatlaðra er að tryggja fötluðum skilyrði til að lifa sem eðlilegustu lífi miðað við getu hvers og eins. Með ferðapjónustu fatlaðra í Flóahreppi er fötluðum gert kleift að stunda nám, vinnu og sækja þjónustu á hæfingar- og endurhæfingarstöðvar, dagvistarstofnanir fatlaðra, verndaða vinnustaði, skammtímaqvistun og aðra sértæka þjónustu sem veitt er fötluðum sérstaklega. Ferðapjónusta fatlaðra er ætluð þeim íbúum sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, heyra undir lög um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, og þarfnað sérstakrar þjónustu og stuðnings af þeim sökum.

2. gr.

Réttur til þjónustu.

Ferðapjónusta fatlaðra er ætluð þeim íbúum sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, heyra undir lög um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, þarfnað sérstakrar þjónustu og stuðnings af þeim sökum og uppfylla eitt eða fleiri eftirtalinda skilyrða:

- a) Bundnir hjólastól.
- b) Blindir.
- c) Þurfa sérhæfða ferðapjónustu til að komast leiðar sinnar vegna andlegrar og/eða líkamlegrar fötlunar.

3. gr.

Ferðafjöldi.

Ferð í reglum þessum telst akstur milli tveggja staða en ekki akstur fram og til baka. Fatlaðir notendur eiga rétt á ferðapjónustu vegna ferða til og frá hæfingar- og endurhæfingarstöðvum, dagvistarstofnum fatlaðra og vernduðum vinnustöðum, allt að 44 ferðum á mannuði og er þessi þjónusta fötluðum notendum að kostnaðarlausu.

4. gr.

Umsóknir og afgreiðsla.

Sækja skal skriflega um ferðapjónustu til skrifstofu Flóahrepps, Þingborg, 801 Selfossi. Í umsókn skal fötlun og/eða aðstæðum umsækjanda lýst og skal læknisvottorð fylgja umsókn. Umsóknir skulu metnar á grundvelli möguleika umsækjanda til að komast ferða sinna með öðrum hætti en með ferðapjónustu fatlaðra. Meta skal aðstæður og þörf umsækjanda eftir þjónustu hverju sinni og heimilt er að óska eftir frekari upplýsingum um umsækjanda og/eða vottorðum.

5. gr.

Samningur um þjónustu.

Strax og umsókn hefur verið samþykkt skal gera samning við notanda um akstur. Skulu fastar ferðir vegna atvinnu og/eða náms skilgreindar, sem og aðrar reglulegar ferðir. Tilkynningum um breytingar á ferðum og/eða afþöntun ferða skal beina til bílstjóra ferðapjónustunnar (verktaka), sem skal sjá um skipulagningu ferða.

Nr. 449

2. janúar 2007

Annan dag hvers mánaðar skal verktaki skila nákvæmri skýrslu yfir akstur liðins mán-aðar þar sem fram kemur fjöldi ferða. Verktaki ber ábyrgð að fjöldi ferða notanda í hverjum mánuði séu innan þeirra marka sem samningur um þjónustuna kveður á um. Kostnaður sem kann að falla til vegna þess að notandi hefur fengið fleiri ferðir en samningur sem gerður hefur verið við hann kveður á um, fellur ekki á sveitarfélagið.

6. gr.

Þjónustusvæði og akstur.

Ferðaþjónusta er veitt innan marka Flóahrepps og á Selfoss.

Farþegar skulu vera tilbúnir til brottfarar í anddyri brottfararstaðar á umsömdum tíma og þarf bílstjóri ekki að biða, sé notandi ekki tilbúinn. Ferðaþjónusta fatlaðra er sérhæfð þjónusta og verða notendur því að vera viðbúnir töfum eða breytingu á áætlun. Bílstjórar skulu sýna notendum virðingu, tillitssemi og trúnað.

7. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru samþykktar af sveitarstjórn Flóahrepps og öðlast gildi við birtingu til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Flóahreppi, 2. janúar 2007.

Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 23. maí 2007